



Umhverfis- og samgönguráð

Reykjavík 18. júní 2019

Mál nr. US190096

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks í skipulags- og samgönguráði, um gerð fjallahjólaleiðar í Esjunni

Vísað er í fund í skipulags- og samgönguráði frá 20. mars 2019 þar sem tillögu um gerð fjallahjólaleiðar í Esju var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa og skrifstofu umhverfisgæða.

Svæðið sem um ræðir er að meginhluta á jörðinni Kollafirði en að hluta inn á jörðina Mógilsá. Þessar jarðir eru í eigu ríkisins en árið 2000 var gerður samningur til 25 ára við Skógræktarfélag Reykjavíkur (SR) um leigu á jörðunum til uppbyggingar skógræktar og útivistar.

Reykjavíkurborg lét vinna deiliskipulag af jörðunum 2002. Meginmarkmið deiliskipulagsins var að styrkja svæðið sem alhliða útivistarsvæði með áherslu á gönguleiðir, ræktun og verndun náttúru- og söguminja eins og segir í greinargerð.

Markmið SR er að rækta skóg á báðum jörðunum en stígagerð og viðhald stíga hefur orðið mjög stórt verkefni, ekki síst stígurinn upp að Steini sem er gríðarlega fjölfarin leið. Skógræktarfélagið hefur fyrst og fremst leitað styrkja til stígagerðarinnar en borgin styrkti viðhald stígsins um nokkurt árabil en ekki undanfarin ár.

Fjallahjólasamband Íslands kynnti fyrir SR tillögur um hjólastíga að megin hluta í Kollafjarðarlandinu. Samkvæmt tillögunum væri gert ráð fyrir að nota núverandi akslóða sem liggur um hlíðina sem ferjuleið upp en síðan yrðu lagðar hlykkjótta hjólabrautir fyrir niðurleið. Brautirnar yrðu einfaldar að gerð, markaðar beint í landið, sumstaðar með minni háttar jarðvegsskiptum og á stöku stað gæti þurft trébrýr yfir skorninga. Merkja þyrfti leiðirnar og setja upp skilti með umgengnisreglum.

Meginmarkmið núverandi deiliskipulags eru að styðja við alhliða útivist. Ekki verður annað séð en að lagning hjólabrauta eins og lýst er hér að framan samrýmist deiliskipulagi. Minna má á að þegar deiliskipulagið var unnið var ekki hafin þessi mikla hjólanotkun sem nú er orðin. Það er því ekki þörf á að breyta deiliskipulagi en það mætti fella hjólabrautir inn í texta og uppdrátt þegar næst færi fram endurskoðun deiliskipulagsins.

SR hefur tekið hugmyndir um hjólabrautir inn í sína vinnu og fékk nýlega styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til að gera hjólaleiðir.

Markmið verkefnisins sem fékk styrk er:

Að bæta aðgengi og öryggi á fjölsóttum ferðamannastað og stuðla að skipulagðri uppbyggingu á útivistarsvæði sem nýtist bæði Íslendingum og erlendum ferðamönnum. Fyrir liggja drög að leiðum um svæðið og flokkun þeirra, sjá meðfylgjandi teikningu. Það eru þó aðeins drög. Einnig hafa fulltrúar fjallahjólreiðafólks lagt fram tillögur að leiðum til Skógræktarfélags Reykjavíkur. Leiðir á þessu svæði eru einnig nýttar af fjallahlaupurum og



hafa verið hluti af hlaupakeppninni Mt. Esja Ultra um árabíl. Þá er vert að nefna að með tilkomu á fyrrnefndu bílastæði hefur aðstaða fyrir fjallaskíðaiðkun orðið möguleg á þessu svæði.

Til að sátt skapist um nýtingu svæðisins er þörf á samráði við mögulega notendur svæðisins, það eru þá auk Skógræktarfélags Reykjavíkur, fulltrúar ferðafélaga eða gönguhópa, fulltrúar fjallahjólafólks, hlauparar, keppnishaldarar, Björgunarsveitir og viðbragðsaðilar. Með góðri hönnun leiða og þátttöku allra hagsmunadila eru meiri líkur á að sátt skapist um leiðarval og þá mögulegar framkvæmdir í framhaldinu. Leiðarvalið þarf einnig að skoðast af verkfræðingum og náttúrfræðingum með þekkingu á svæðinu, auk aðkomu eða rýni af hendi landslagsarkitekta. Mögulegar leiðir þarf að forvinna og með léttum merkingum, þannig að áhugasamir hagsmunadilar geti skoðað leiðir og gefið sitt álit. Að því loknu væri mjög æskilegt að koma fyrsta áfanga sem væri neðsti hluta svæðisins í notkun með lagningu leiða og endalegri merkingu.

Þar sem markmið SR er að rækta skóga á báðum jörðunum og þær eru nánast orðnar fullplantaðar þá þarf að fara gætilega og spilla alls ekki uppvaðandi skógi eða gera nokkuð það sem gæti komið vatns eða vindrofi af stað. Gerist það þarf að vera fullur skilningur á því að SR geti lokað leiðum og eða fært til að stöðva rof og gróðurskemmdir. Það gæti verið spurning um tímabundnar lokanir t.d. í leysingum á vorin eða þegar fjallið er rennblautt eins og síðasta sumar, því þá er gróðurþekjan mjög viðkvæm.

Umsögn

Jörðin Kollafjörður er í eigu ríkisins og umsjón hennar er hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur. Borgin hefur skipulagsvaldið en ekki verður séð að gerð hjólabrauta stangist á við núverandi deiliskipulag. Vinna er þegar í gangi hjá SR sem fengið hefur styrk til að vinna fyrsta áfanga hjólabrauta í samvinnu við fulltrúa hjólafólks.

Aðkoma borgarinnar gæti þó verið, ef vilji er fyrir því, að styrkja frekari gerð hjólabrauta, koma að ráðgjöf og gerð skilta eða annarra innviða sem kunna að fylgja.

Fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs,

Björn Ingi Edvardsson
verkefnisstjóri hjá skipulagsfulltrúa

Þórólfur Jónsson
deildarstjóri náttúru og garða